

6

AFSTÖÐUMYND mkv. 1:500

Húnaþing vestra
Samþykkt þann
29. nóv. 2022
Byggingarfulltrúinn
í Húnaþingi vestra

Byggingarlýsing

a. Almennt:

Götuheiti: Grundartún 13 a (mhl-01) go Grundartún 13 b (mhl-02).

Landeignanúmer Grundartún 13 L211553

Staðgreinir Grundartún 13 5508-7-30650130

Sótt er um leyfi fyrir einu raðhúsi með tveim íbúðum.

b. Starfsemi og notkun:

Um er að ræða mannvirki í notkunarflokki 3, íbúðarhús.

c_a. Helstu stærðir:

Grundartún 13, a og b er ein hæð.	Stærðir:	
Heiti hæðar:	birt flatarmál	brúttó m³
1. Íbúð 02-0101	145.2m²	577.7m³
2. Íbúð 01-0101	102.5m²	412.9m³
Heild: birt flatarmál	247.7m²	990.6m³

d_a. Stærð lóðar, nýtingarhlutfall:

Lóðarstærð: 698.8.0 m²

Nýtingarhlutfall: 0.35 %

2 bílastæði verða á lóðinni, geta hvort um sig verið fyrir fatlaða. Eins er unnt að koma fyrir hleðslustöð fyrir rafbíla.

e. Burðarvirki:

Sökklar og botnplata eru staðsteypt með járnbentri steinsteypu. Burðarvirki ofan botnplötu er úr timbri. Þak húsanna er sperruþak með mæni og 14° þakhalla. Burðarvirki er í svignunarflokki A

f. Einangrun, veðurkápa og loftun:

Sökklar eru einangraðir með 50mm plasteinangrun 500mm niðurfyrir botnplötu sem er einangruð með 100mm plasteinangrun. Útveggir eru einangraðir í timburgrind með 100mm steinullareinangrun, klæddir vatnsvarðri krossviðsklæðningu og vindpappa og klæddir ljósri málmklæðningu í a.m.k. flokki 2. Litur, efni og frágangur ákveðast í samráði við aðalhönnuð, sbr. séruppdrætti.

Þökin eru einangruð með 225mm þakull ámilli sperra og klædd með krossvið eða timbri. Á þakklæðninguna kemur vandaður tjörupappi og ólitað aluzink. Þakhalli er 14°.

Gluggar og hurðir eru úr timbri. Glerjað er með tvöföldu K-gleri. Þar sem björgunarop koma í glugga skal ljósop glugga vera min. 600mm og samanlögð breidd og hæð vera að lágmarki 1500mm. Innanmál útihurða skal vera að minnsta kosti 900mm. Bílskúrshurð er úr einangruðum stálsamlokueiningum. Þar sem gólfsíðir gluggar eru og fallhætta er, skal nota samlímt öryggisgler í samræmi við reglugerð.

g. Handrið

Engin handrið eru innandyra. Á lóðarmörkum Grundartúns 13 og 15, er 1.2m hæðarmunur sem verður frágenginn með stoðvegg og eða hleðslu. Handrið verður þar sem við á, hæð 900mm.

h. Einangrun

Kólnunar hússins skulu standast ákvæði byggingarreglugerðar og eru hámarks kólnunartölur einstakra byggingarhluta sbr. eftirfarandi. Miðað er við hús í flokki A með hitastig >=18°C

	Reglugerð	Raungildi
U-gildi þaks	0.20 W/m²°K	0.20 W/m²°K
U-gildi útveggja	0.40 W/m²°K	0.40 W/m²°K
U-gildi glugga (karmar, gler vegið meðaltal, K-gler)	2.00 W/m²°K	1.70 W/m²°K
U-gildi hurðir	3.00 W/m²°K	1.66 W/m²°K
U-gildi ofanljós	2.00 W/m²°K	0.00 W/m²°K
U-gildi Gólf á fyllingu	0.30 W/m²°K	0.30 W/m²°K
U-gildi Gólf að óupphituðu rými	0.30 W/m²°K	0.00 W/m²°K
U-gildi Gólf að útilofti	0.20 W/m²°K	
U-gildi útveggir, vegið meðaltal (veggfletir, gluggar og hurðir)	0.85 W/m²°K	0.73 W/m²°K

Varmatapsreikningar sýna að húsið uppfyllir kröfur byggingarreglugerðar og er heildarvarmatap á fermeter húss 1.22 W/m²°C og er það 110.0% af kröfu (Krafa/raun)

i. Frágangur innanhúss:

Léttir innveggir eru 70mm veggjagrind, einangraðir með steinullareinangrun og klæddir beggja vegna með 12mm gipsplötum og 12mm krossviðs eða OSB plötum þar sem á við. Burðarveggir, bílskúrsveggir og veggir á milli húsa eru steinsteyptir. Votrýmisveggir eru ýmist hlaðnir úr vikri eða reistir með 70mm veggjagrind og klæddir með tvöföldu lagi af rakaþolnum gipsplötum. Öll byggingarefni í íbúðarrými skulu vera í a.m.k. flokki 2. Í votrýmum er gert ráð fyrir gólfniðurföllum og gluggalaus rými eru búin vélrænni loftræsingu.

j. Á ekki við

k. Lagnir:

Vatn og hiti: Húsið verður kynnt með ísteyptum gólfhitalögnum og eða ofnum. Hitað er með heitu vatni. Lagnaleiðir verða í gólfum og lagnastokkum - rör í rör kerfi. Hámarkshiti neysluvatns verður ekki hærra en 62°C. Hiti við töppunarstaði á böðum skal ekki fara yfir 43°C.

Loftræsing: Loftræsing lokaðra rýma skal uppfylla grein 10.2.5. í byggingarreglugerð. Öll rými verða loftræst með opnanlegum gluggum og því sem kemur fram á teikningum lagnahönnuðar. Sérstakar lofttúður verða settar í útveggi til að tryggja ferskt loft komist ætíð inn í aðalrými.

Öll rými hússins ásamt útveggjum og þaki vera loftuð, ýmist náttúrulega eða vélrænt. Til að fyrirbyggja aðgengi meindýra er skordýranet í öllum loftunargötum.

l. Brunavarnir:

Klæðningar í íbúðrrými eru allar í a.m.k. flokki 2. Yfirborðsefni bílgeymslu sé í flokki 1. Skilveggir á milli íbúða annarsvega og hinsvegar íbúða og bílskúra skal vera að minnsta kosti EI60.

Reykskynjarar og slökkvitæki er í húsinu eins og sýnt er á teikningum. Aðkoma slökkviliðs er við aðalaðkomu hússins. Bílskúr er sér brunahólf og aðskilinn frá íbúðar hluta með EI60 veggjum og EICS30 hurð. Flóttaleiðir eru um útihurðir og björgunaop í gluggum.

m. Hljóðvist:

Allir út- og innveggir eru einangraðir með steinull. Húsin eru aðskilin með 25mm þykkri þéttull og þvöföldum timburvegg, hvor um sig með 100mm steinullar einangrun. Högghljóðleiðni milli íbúða Lw er minni en 53dB og lofthljóð einangrun milli íbúða Rw er stærri en 55dB.

n. Á ekki við

o. Á ekki við

p. Algild hönnun:

Húsið er ekki hannað miðað við kröfur um algilda hönnun, en unnt er að breyta íbúðunum á þann veg að fatlaðir einstaklingar geti búið þar.

r. Meðhöndlun sorps

Sorp er flokkað og því komið í þar til gerða tunnur á lóð.

s. Á ekki við

Undirritaður er aðalhönnuður og jafnframt hönnunarstjóri skv. gr. nr.: 24 í lögum nr. 160 frá 2010 með fullt umboð lóðarhafa.

Reykjavík, 20. september 2022,

Sveinbjörn Jónsson

ÚTGÁFA	BREYTING	DAGSETT	TEIKNAÐ	YFIRFARIÐ	ÚTGÁFA	BREYTING	DAGSETT	TEIKNAÐ	YFIRFARIÐ

VERKFRÆÐISTOFAN möndull
SVEINBJÖRN JÓNSSON
Byggingaverkfræðingur
Birkihlíð 8, 105 Reykjavík
Sími 568-8255, kt. 591184-1139

mælikvarði: 1:100
frumstærð blaðs: A2
landnúmer: L211553
verkkaupi: ÓSKAR EINAR HALLGRÍMSSON
kt. verkkaupa:

TEIKNAÐ SVBJ
HANNAÐ SVBJ
YFIRFARIÐ SVBJ
DAGSETT SEP22
VERKNÚMER 2415

VERKHEITI: GRUNDARTÚN 13, HVAMMSTANGI
EFNI: AÐALTEIKNINGAR
TEGUND: BYGGINGARLÝSING - AFSTAÐA
VERKN. VERKKAUPA
BLAÐSTÆRÐ A2
BLAÐNÚMER A-100